

Fyrir 1. febrúar 1997 skal Fiskistofa úthluta aflahlutdeild, aflamarki fyrir 1997 og endanlegum veiðileyfum.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Reglur laga nr. 38/1990 um flutning aflamarks milli ára og heimildir til breytinga milli tegunda gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í rækju samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

1. Biðskylda frá Vesturgötu inn á Hafnargötu er aflögð.
2. Biðskylda frá Kirkjuvegi inn á Hafnargötu er aflögð.
3. Bann við lögn bifreiða við Strandgötu er breytt þannig að bannað er að leggja bifreiðum við syðri brún frá húsi nr. 5 að húsi nr. 11.
4. Að færanlegar hraðahindranir verða settar á Aðalgötu sunnan Gunnólfsgötu, Ólafsvog við Ólafsvog 25 og á Hlíðaveg við hús nr. 43.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsfirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Ólafsfirði, 20. desember 1996.

Björn Rögnvaldsson.